

Sp.

229. Tillaga til þingsályktunar

[116. mál]

um skipun nefndar til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu. Verkefni hennar skal vera sem hér segir:

1. Að rannsaka nú þegar þá fyrirboða, sem vart er orðið í efnahagslífi Bandaríkja Norður-Ameríku og fleiri auðvaldslanda um, að ný stórfelld kreppa sé að hefjast þar og breiðast út til annarra landa, er svipað hagkerfi hafa. Enn fremur að athuga, hvaða ráðstafanir ríkisstjórnir annarra landa, svo sem Englands, Svíþjóðar o. fl., hafa gert til varnar kreppunni.

2. Að gera tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um, hvaða ráðstafanir skuli gerðar í efnahagsmálum Íslands, til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar kreppunnar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar.

Nefndin skal skipuð þannig: fimm menn samkvæmt tilnefningu þingflokka, einn tilnefndur af hverjum þingflokki, en tveir án tilnefningar. Nefndin kys sér formann. Laun nefndarinnar skulu ákveðin af ríkisstjórn og greidd úr ríkissjóði.

Nefndin skal kappkosta að hafa lokið störfum sínum og skilað tillögum til ríkisstjórnar fyrir 1. marz n. k. Afrit af þeim tillögum skal sent öllum alþingismönnum.

Greinargerð.

Undanfarna mánuði hafa mjög ágerzt í efnahagslífi Bandaríkja Norður-Ameríku öll teikn þess, að kreppa væri að skella á þar aftur. Sala þeirra vörutegunda, sem viðkvæmastar eru fyrir kreppunni, hefur stórminnkað, framleiðsla slíkra vara hefur því einnig verið minnkuð stórkostlega, tugum þúsunda verkamanna hefur verið sagt upp í verksmiðjunum, kaupgeta verkalýðsins verið minnkuð, og öll hin venjulegu teikn stórfelldrar kreppu koma í ljós.

Mönnum eru enn í minni þær skelfingar, sem dundu yfir auðvaldsheiminn í kjölfar efnahagskreppu þeirrar, er hófst í Bandaríkjunum 1929. Allar ríkisstjórnir auðvaldslanda, sem ekki vilja láta hörmungar kreppunnar flæða óhindrað inn yfir land sitt, hafa þegar undirbúið ráðstafanir til þess að mæta þeirri kreppu, sem þær búast við frá Bandaríkjunum. Ríkisstjórn Bretlands gaf nýlega þau svör við fyrirspurn á þingi, að hún hefði undirbúið ráðstafanir til þess að bægja efnahagskreppu, sem væri að búa um sig í Bandaríkjunum, frá Bretlandi. Sú stofnun sænska ríkisins, sem hefur það sérstaka verkefni að fylgjast með sveiflum efnahagslífsins (Konjunktur-institutet), hefur varað við því, að þessi kreppa væri að hefjast.

Öll lönd auðvaldsheimsins óttast kreppuna, eins og menn á miðöldum óttuðust svartadauða og aðrar pestir. Þeir forráðamenn þessara landa, sem eitthvert skyn bera á lögmál efnahagslífsins í auðvaldsþjóðfélagi, vita, að vissa er um, að sú kreppa, sem brýzt út í Bandaríkjum Norður-Ameríku, berst til auðvaldslandanna í Vestur-Evrópu, ef ekki eru gerðar sérstakar, öflugar ráðstafanir því til varnar. Og kreppan í Bandaríkjunum er þegar að hefjast.

Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvaða hörmungar mundu fylgja því, ef efnahagskreppan frá Bandaríkjunum væri látin berast hingað til Íslands. Afleiðingar hennar mundu verða verðfall á útflutningsvörum þjóðarinnar, sölutregða, markaðshrun og það atvinnuleysi, er fylgir í kjölfarið. Fyrir verkalýðinn mundi slíkt þýða, að hörmungar atvinnuleysisins dyndu yfir í stærri stíl en nokkru sinni fyrr og öll lífsafkoma versnaði að sama skapi. Fyrir millistéttirnar mundi kreppan þýða gjaldþrot og missi þeirra eigna, sem millistéttirnar eignuðust á undanförunum áratug. Fyrir atvinnurekendur landsins mundi kreppa þýða stórkostlega minnkun rekstrarins, vaxandi rekstrartap, stöðvanir og efnahagslegt hrun.

Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra stétta í landinu að reyna að finna ráð til þess að hindra, að kreppan berist hingað til lands frá Bandaríkjunum og öðrum þeim löndum, sem hún kann að ná til.

Fyrsta skilyrðið til þess að geta hindrað, að ameríska kreppan berist hingað, er að álitni Sósíalistaflokksins það, að gera efnahagslíf Íslands sem óháðast efnahagslífi Bandaríkjanna. Það var stigið stórt spor í sumar með verzlunarsamningnum mikla við Sovétríkin til þess að tengja mikið af utanríkisverzlun Íslands þeim löndum, sem kreppan getur ekki rutt sér til rúms í sakir þess, að þau hafa komið sósíalismanum á hjá sér. Það liggur í augum uppi, að taka verður til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar alla stefnuna í efnahags- og verzlunarmálum, ef takast á að vernda Ísland gegn kreppuhættunni frá Bandaríkjunum.

Um þetta verkefni þarf að sameina alla þjóðina. Þess vegna er hér lagt til, að fulltrúar allra flokka á Alþingi og tveir fulltrúar ríkisstjórnarinnar að auki, skuli skipaðir í nefnd, er rannsaki þessi mál og geri tillögur um, hvernig verja megi Ísland gegn þeim hörmungum, sem yfir dyndu, ef kreppan væri látin skella yfir landið.

Í þessu efni er skjótra ráðstafana þörf. Þess vegna eru nefndinni sett þau tímatakörk að hafa lokið rannsókn sinni og samningu tillagna fyrir 1. marz. Á það að vera hægt, því að nægar upplýsingar er þegar að fá í opinberum skýrslum og tímaritum erlendum. Og hver ábyrgur maður, sem skilning hefur á þróun efnahagslífsins í heiminum, hefur áreiðanlega þegar fylgzt það vel með því, sem nú er að gerast, og hugsað um ráð gagn kreppuhættunni, að það ætti ekki að taka langan tíma að setja fram þær tillögur, er tryggðu, að efnahagslíf Íslands yrði ekki hinni amerísku kreppu að bráð.